

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1810  
komudagur 3.5.2005

Samgöngunefnd Alþingis – Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Grund, 26. apríl 2005


Málefni: Tillaga að samgönguáætlun 2005-2008

Hreppsnefnd Skorradalshrepps fól undirrituðum að senda umsögn um tillögu að samgönguáætlun 2005-2008. Þegar slíkt plagg upp á 125 bls. er sent og ekki gefin nema ein vika til yfirlstrar og umsagnar þá er aðeins hægt að meta það sem næst er.

Tengivegur 508 ber alls ekki þá umferð sem á honum er í dag, hvað þá næstu ár. Það er því mjög brýnt að halda áætlun og byggja hann upp með bundnu slitlagi inn að Dagverðarnesi á árinu 2005, og halda svo áfram næstu árin.

Athugasemd er við það að fjárveiting til tengi- og safnvega er allt og naumt skammtað, framlag til tengivega hækkar ekki nema um tvær milljónir í Norðvesturkjördæmi frá árinu 2005 til 2008.

Að lokum viljum við ítreka óánægju okkar með skerðingu vegafjár og frestun framkvæmda, og minnum á, að vegaf framkvæmd er besta byggðastefnan, en þökkum það sem vel er gert.

Virðingarfyllt  
  
Davíð Pétursson, oddviti  
Skorradalshreppur

---

**SKORRADALSHREPPUR**

Grund, Skorradal  
311 Borgarnesi  
Sími: 4370005, fax: 4370155  
Netfang: [grund@simnet.is](mailto:grund@simnet.is)